

1995 nr. 53 8. mars**Lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum**

Tóku gildi 9. mars 1995. *Breytt með:* L. 84/2005 (tóku gildi 9. júní 2005). L. 115/2005 (tóku gildi 30. des. 2005). L. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra** eða **umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Markmið laga þessara er að stuðla að framkvæmdum við fráveitur sveitarfélaga með styrkveitingum.

□ Með fráveitu er í lögum þessum átt við leiðsluferfi og búnað til að meðhöndla skolp sem fullnægir kröfum laga og reglugerða um hreinsun þess áður en því er veitt í viðtaka.

■ 2. gr.

□ Framkvæði að gerð áætlaða um fráveitur og framkvæmdir í fráveitumálum er í höndum sveitarstjórna og á ábyrgð þeirra.

■ 3. gr.

□ Framkvæmdir við sniðræsi frá safnkerfum fráveitna, rotþrær, hreinsi- og dælustöðvar og útrásir, sem unnar verða á tímabilinu 1. maí 1995 til [31. desember 2008],¹⁾ geta notið styrks úr ríkissjóði. Enn fremur er heimilt að styrkja úr ríkissjóði önnur skyld mannvirki, svo og framkvæmdir sem snúa að tvöföldun lagna í safnkerfum eldri fráveitna, enda sé sýnt að slíkar framkvæmdir lækki stofnkostnað við styrkhæfar framkvæmdir. [Heimilt er með sama hætti að veita sveitarfélögum styrki til stofnframkvæmda við fráveitur sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli framkvæmdirnar undir ákvæði 1. máls. og uppfylli að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur, að fengnum tillögum fráveitunefndar, nánari ákvæði um framkvæmdina í reglugerð. Skuldbindingar sem sveitarfélögin taka á sig vegna rekstrarleigu skulu koma fram í ársreikningum þeirra. [Styrkuppæð vegna slíkra einkaframkvæmda getur aldrei verið hærri en sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna.]¹⁾²⁾

□ Undirbúningsrannsóknir, hönnun, kostnaður við útböð, fjármagns- og lántökukostnaður og kaup á löndum og lóðum vegna framkvæmda í fráveitumálum njóta ekki fjárstuðnings samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um endurbætur á eldri kerfum og framkvæmdir sem eru umfram það sem krafist er í lögum og reglugerðum um hreinsun fráveituvatns.

¹⁾ L. 115/2005, 1. gr. ²⁾ L. 84/2005, 1. gr.

■ 4. gr.

□ Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga við fráveitur skv. 3. gr. getur numið allt að 200 m.kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs.

□ Heimilt er að ráðstafa allt að fjórðungi styrkuppæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað einstakra sveitarfélaga við fráveituf framkvæmdir þegar miðað er við heildarkostnað á íbúa. Skal fráveitunefnd skv. 5. gr. gera tillögur um beitingu þessa ákvæðis sem ráðherra staðfestir.

□ [Heimilt er að ráðstafa allt að 10 millj. kr. ár hvert til rannsóknna á viðtökum fráveitu með það að markmiði að þær leiði

til lækkunar kostnaðar við fráveituf framkvæmdir á síðari stigum.]¹⁾

¹⁾ L. 115/2005, 2. gr.

■ 5. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar fráveitunefnd sér til ráðuneytis um fráveitumál sveitarfélaga. Í fráveitunefnd skulu eiga sæti þrjú fulltrúar skipaðir til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, annar samkvæmt tilnefningu [þess ráðherra er fer með sveitarstjórnarmál]¹⁾ og sá þriðji skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

¹⁾ L. 126/2011, 209. gr.

■ 6. gr.

□ Fráveitunefnd fjallar um styrkumsóknir og framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á yfirstandandi ári og áætlað styrkhæfni hvern áætlað framkvæmdar.

□ Í samræmi við mat á styrkumsóknum sveitarfélaga skal fráveitunefnd gera tillögu til [ráðherra]¹⁾ um framlag til fráveitumála sveitarfélaga á fjárlögum næsta árs.

□ Fráveitunefnd fjallar um upplýsingar sveitarfélaga um raunkostnað við framkvæmdir í fráveitumálum á næstliðnu ári. Nefndin skal meta og staðfesta kostnað við styrkhæfa framkvæmd í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Á grundvelli þeirrar staðfestingar gerir fráveitunefnd tillögur til [ráðherra]¹⁾ um styrkveitingu til hvers sveitarfélags vegna framkvæmda í fráveitumálum.

□ Fráveitunefnd er heimilt að leita sérfræðilegrar ráðgjafar í störfum sínum.

¹⁾ L. 126/2011, 209. gr.

■ 7. gr.

□ Sveitarfélög skulu fyrir 1. maí ár hvert senda fráveitunefnd [ráðuneytisins]¹⁾ umsókn um styrk vegna fráveituf framkvæmda á yfirstandandi ári. Með umsókninni fylgi heildaráætlun um fráveituf framkvæmdir í sveitarfélaginu sem fyrirhugað er að sækja um styrk fyrir og sérstök áætlun um þann áfanga sem áætlað er að vinna á yfirstandandi ári. Einnig fylgi með umsókninni tæknilegar upplýsingar um framkvæmdina ásamt teikningum og sundurliðaðri kostnaðaráætlun. Skilyrði fyrir fjárstuðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlaun á fráveitumálum sveitarfélags.

¹⁾ L. 126/2011, 209. gr.

■ 8. gr.

□ Sveitarfélög, sem fengið hafa úthlutað fjárstuðningi vegna fráveituf framkvæmda, skulu fyrir 1. mars ár hvert senda fráveitunefnd [ráðuneytisins]¹⁾ upplýsingar um raunkostnað sveitarfélagsins vegna framkvæmda við fráveitumál á næstliðnu ári í samræmi við áður senda áætlun.

¹⁾ L. 126/2011, 209. gr.

■ 9. gr.

□ Styrkir til sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á næstliðnu ári skulu greiddir sveitarfélögunum fyrir 1. maí ár hvert.

■ 10. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ hefur á hendi yfirstjórn fjárhagslegs stuðnings ríkissjóðs við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutun styrkja að fengnum tillögum fráveitunefndar.

¹⁾ L. 126/2011, 209. gr.

■ 11. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.